

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar-maí 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2005 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 11,2 milljarða króna á tímabilinu, sem er 14,2 milljörðum króna hagstæðari útkoma heldur en fyrir sama tímabil í fyrra. Þá er útkoman 25,1 milljarði betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur reyndust 27,4 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 13,5 milljarða. Hreinn lánsfjárfnuður er jákvæður um 17,8 milljarða króna en var neikvæður um 2,4 milljarða í fyrra.

**Heildartekjur** ríkissjóðs námu 136,6 milljörðum króna og hækkuðu um tæpa 27,4 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 25,1%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 121,2 milljörðum króna sem er hækkan upp á 19,5% frá sama tíma í fyrra, nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Til samanburðar má nefna að almennt verðlag hækkaði um 4,1% á sama tímabili þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,8%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 42,2 milljörðum króna sem er 17,5% meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra. Þar af jókst innheimta tekjuskatta einstaklinga um 10,1% en lögaðila um 6,5%. Innheimta fjármagnstekjuskatts jókst töluvert meira, eða um 54,4% sem jafngildir um 48,3% raunhækkun milli ára. Innheimta tryggingagjalda nam rúmlega 12,8 milljörðum króna sem er 13,1% aukning að raungildi frá fyrra ári. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði á sama tímabili um 6,5%. Innheimta eignarskatta jókst töluvert á milli ára, eða um 53% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 15,1 milljörðum króna og voru 7,8 milljörðum umfram áætlun. Skýrist það einkum af 6,3 milljarði króna arðgreiðslum frá Landssímanum í apríl og 1,5 milljarðs króna sektargreiðslu olíufélaganna í maí vegna samkeppnismála.

Veltuskattar ríkissjóðs jukust einnig töluvert, eða um 18% sem er 13,4% aukning að raungildi en þar munar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jókst um 19,9%. Vörugjöld af ökutækjum skiluðu jafnframt töluvert meiri tekjum en í fyrra eða um 74,9% en á fyrstu fimm mánuðum ársins hefur innflutningur bifreiða aukist að verðmæti um 85% frá fyrra ári. Þessi þróun endurspeglar aukin umsvif í efnahagslífinu og virðist ekkert hafa dregið úr almennri eftirspurn.

**Greidd gjöld** námu 126,8 milljörðum króna og hækkuðu um 13,5 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,7 milljarðar af hækkan vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl sl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 7,5% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþingst í útgjöldum ríkissjóðs, 79,2 milljarða eða um 62%. Þar kemur fram 7 milljarða króna hækkan, eða 10%. Innan málaflokksins munar mest um hækkan til heilbrigðismála, 3,6 milljarða og 1,5 milljarð bæði vegna almannatrygginga og fræðslumála. Á móti vegur að greiðslur til nokkurra málaflokka lækka lítilega milli ára, s.s. til samgöngu- og sjávarútvegsmála.

**Lánahreyfingar.** Afborganir lána námu 30 milljörðum sem skiptast þannig að 16,2 milljarðar eru vegna afborganna erlendra langtímalána og 13,7 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu samtals 9,3 milljörðum króna, 4 milljarðar með ríkisbréfum og 5,3 milljarðar í erlendum skammtímalánum. Þá voru 1,6 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Þar sem afborganir eru mun meiri en sem nemur nýjum lántökum þá lækkaði handbært fé um 4,5 milljarða frá áramótum.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - maí 2005 (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	86.064	91.868	108.695	109.190	136.556
Greidd gjöld.....	91.173	100.746	106.315	113.248	126.790
<b>Tekjujöfnuður.....</b>	<b>-5.109</b>	<b>-8.878</b>	<b>2.380</b>	<b>-4.057</b>	<b>9.765</b>
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl. ....	3	-	-12.059	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.934	-1.462	173	1.110	1.478
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>-7.040</b>	<b>-10.340</b>	<b>-9.506</b>	<b>-2.947</b>	<b>11.243</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>-181</b>	<b>2.173</b>	<b>16.858</b>	<b>3.428</b>	<b>6.537</b>
<b>Hreinn lánsfjárfnuður.....</b>	<b>-7.221</b>	<b>-8.167</b>	<b>7.352</b>	<b>481</b>	<b>17.780</b>

<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-21.545</b>	<b>-18.348</b>	<b>-17.929</b>	<b>-28.389</b>	<b>-29.994</b>
Innanlands.....	-6.792	-8.207	-5.521	-3.389	-13.770
Erlendis.....	-14.753	-10.141	-12.408	-25.000	-16.224
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>-6.250</b>	<b>-3.750</b>	<b>-3.125</b>	<b>-3.125</b>	<b>-1.550</b>
<b>Lánsfjárfögnuður. brúttó.....</b>	<b>-35.017</b>	<b>-30.265</b>	<b>-13.702</b>	<b>-31.033</b>	<b>-13.764</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>34.046</b>	<b>28.324</b>	<b>16.540</b>	<b>40.861</b>	<b>9.273</b>
Innanlands.....	9.533	9.035	15.160	17.318	4.005
Erlendis.....	24.514	19.289	1.380	23.544	5.268
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>-971</b>	<b>-1.941</b>	<b>2.838</b>	<b>9.828</b>	<b>-4.490</b>

**Tekjur ríkissjóðs janúar-maí**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>87.844</b>	<b>101.477</b>	<b>121.219</b>	<b>5,6</b>	<b>4,4</b>	<b>15,5</b>	<b>19,5</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>30.558</b>	<b>35.905</b>	<b>42.201</b>	<b>7,4</b>	<b>0,8</b>	<b>17,5</b>	<b>17,5</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	23.296	25.866	28.486	13,6	4,2	11,0	10,1
Tekjuskattur lögaðila.....	1.384	3.721	3.963	-38,7	-38,5	168,9	6,5
Skattur á fjármagnstekjur og fl .....	5.878	6.318	9.752	17,2	3,0	7,5	54,4
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>9.478</b>	<b>10.891</b>	<b>12.818</b>	<b>10,4</b>	<b>3,9</b>	<b>14,9</b>	<b>17,7</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>3.394</b>	<b>3.942</b>	<b>6.276</b>	<b>-1,9</b>	<b>-19,2</b>	<b>16,1</b>	<b>59,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>44.186</b>	<b>50.564</b>	<b>59.688</b>	<b>4,0</b>	<b>9,8</b>	<b>14,5</b>	<b>18,0</b>
Virðisaukaskattur.. ..	28.519	33.100	39.683	7,3	9,1	16,1	19,9
Aðrir óbeinir skattar.....	15.667	17.464	20.005	-1,5	11,2	11,5	14,5
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.588	2.297	4.017	-20,6	45,8	44,6	74,9
Vörugjöld af bensíni.....	2.906	3.333	3.514	-3,6	1,9	14,7	5,4
Þungaskattur.....	1.899	2.186	2.535	-3,6	1,6	15,1	16,0
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	3.761	3.841	4.106	-2,3	24,2	2,1	6,9
Annað.....	5.513	5.807	5.833	6,2	4,9	5,3	0,4
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>229</b>	<b>176</b>	<b>235</b>	<b>12,0</b>	<b>-12,6</b>	<b>-23,1</b>	<b>33,5</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>20.851</b>	<b>7.713</b>	<b>15.337</b>	<b>21,4</b>	<b>169,2</b>	<b>-63,0</b>	<b>98,8</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>108.695</b>	<b>109.190</b>	<b>136.556</b>	<b>6,7</b>	<b>18,3</b>	<b>0,5</b>	<b>25,1</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar-maí**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>11.087</b>	<b>11.875</b>	<b>12.142</b>	<b>19,2</b>	<b>1,5</b>	<b>7,1</b>	<b>2,2</b>
Almenn opinber mál.....	6.144	6.539	6.626	22,5	-0,4	6,4	1,3
Löggæsla og öryggismál.....	4.943	5.336	5.515	15,1	3,9	8,0	3,4
<b>Félagsmál.....</b>	<b>65.068</b>	<b>72.167</b>	<b>79.214</b>	<b>12,4</b>	<b>10,8</b>	<b>10,9</b>	<b>9,8</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	14.238	16.542	18.239	13,8	8,1	16,2	10,3
Heilbrigðismál.....	27.286	29.249	32.832	14,6	11,6	7,2	12,2

Almannatryggingamál.....	19.880	22.008	23.495	7,0	13,0	10,7	6,8
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>14.482</b>	<b>15.573</b>	<b>15.408</b>	<b>2,0</b>	<b>4,5</b>	<b>7,5</b>	<b>-1,1</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	4.773	4.847	4.962	-7,9	3,4	1,6	2,4
Samgöngumál.....	5.661	6.618	6.175	8,1	2,6	16,9	-6,7
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>10.120</b>	<b>8.417</b>	<b>14.066</b>	<b>6,7</b>	<b>-18,8</b>	<b>-16,8</b>	<b>67,1</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>5.559</b>	<b>5.216</b>	<b>5.961</b>	<b>6,0</b>	<b>17,1</b>	<b>-6,2</b>	<b>14,3</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>106.315</b>	<b>113.248</b>	<b>126.790</b>	<b>10,5</b>	<b>5,5</b>	<b>6,5</b>	<b>12,0</b>